

AKUREYRARBÆR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI 2018-2030

BLÖNDULÍNA 3

SKIPULAGSLÝSING



LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI
SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

08.02.2024

UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ



1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Landsnet hefur óskað eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulagi Akureyrar vegna Blöndulínu 3 en um er að ræða svæði ofan byggðar frá Rangárvöllum að sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit.

Breytingin er til komin vegna áforma Landsnets um framkvæmd við Blöndulínu 3, 220 kV háspennulínu frá Blöndustöð að Rangárvöllum á Akureyri.

Landsnet hefur þegar unnið umhverfismatsskýrslu vegna Blöndulínu 3 og lagt hana fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismatsferli Blöndulínu 3 lauk með álit Skipulagsstofnunar 9. desember 2022. Samkvæmt því er fallist á að aðalvalkostur Landsnet verði loftlína og fari samkvæmt valkosti C2 um Akureyri, en innan Akureyrar mun Blöndulína 3 liggja á um 2,3 km löngum kafla.

Í umhverfismatsskýrslu Blöndulínu 3 var einnig skoðaður sá kostur að hafa línuna sem jarðstreng innan bæjarmarka Akureyrar.

Eftir að umhverfismati lauk var gerð breyting á línuleiðinni innan sveitarfélagamarka Akureyrar eftir samráð við landeigendur og línan færð á kafla lengra til suðurs og fjær byggð.

Gert er ráð fyrir Blöndulínu 3 í gildandi aðalskipulagi og gert ráð fyrir að hún liggi að Kífsá eða Rangaárvöllum frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit. Breyting í aðalskipulagi felst í því að aðlaga legu Blöndulínu 3 að þeirri legu sem gert er ráð fyrir í umhverfismati skv. kosti C2 og með síðari breytingu á þeim valkosti (sjá nánari í kafla 3).

Eftirfarandi bókun varð gerð á fundi skipulagsráðs 31. janúar 2024 og var bókun þessi staðfest á fundi bæjarstjórnar 6. febrúar 2024:

Skipulagsráð samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að hefja vinnu við gerð lýsingar aðalskipulagsbreytingar. Í lýsingunni verði tilgreint það svæði sem línan fer um án þess að tekin sé afstaða til, á þessari stundu, hvort um væri að ræða háspennulínu ofanjarðar alla leið eða að hluti línu verði í jarðstreng. Skipulagsráð áréttar að fram kemur í stefnu stjórnvalda að línulagnir í þéttbýli skulu lagðar í jörðu og horft verði til þessa í allri hönnunarvinnu.


Í skipulagslýsingu þessari er því ekki tekin afstaða til þess hvort Blöndulína 3 innan Akureyrar verði loftlína eða jarðstrengur að hluta eða öllu leyti.

Í vinnu við breytingu á aðalskipulagi mun sú afstaða liggja fyrir hjá bæjaryfirvöldum á Akureyri.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, aðalskipulagsbreytingar í þessu tilfalli, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

2 Staðhættir

Þau svæði sem Blöndulína 3 mun fara um ofan byggðar innan Akureyrar frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit eru óbyggð svæði í landi Hrappsstaða, Kífsár, Hesjuvalla og Lögmannshlíðar að núverandi tengivirki að Rangárvöllum.



Mynd 1. lega Blöndulínu 3 innan Akureyrar, breyting desember 2023 er línin sem miða á við.

3 Skipulagsleg staða – aðalskipulag

Hér á eftir er umfjöllun úr gildandi aðalskipulagi hvað varðar þau svæði sem breyting á aðalskipulagi nær til. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð aðalskipulagsins.

Veitur

Í greinargerð gildandi aðalskipulags kemur eftirfarandi m.a. fram í kafla um veitur/rafmagn:

Landsnet áformar að byggja nýja 220 kV háspennulínu, Blöndulínu 3, að Kífsá eða Rangárvöllum.

...

Að sögn Landsnets liggur ekki endanlega fyrir hvort Blöndulína 3 tengist Kífsá eða Rangárvöllum.

Landsnet reiknar með að þetta verði loftlína.

Á sérupprætti fyrir Akureyri – þéttbýli er gert ráð fyrir loftlinu ásamt 70 m breiðu helgunarsvæði umhverfis línuna frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit að iðnaðarsvæði (I16) fyrir tengivirki við Kífsá. Frá iðnaðarsvæðinu við Kífsá er gert ráð fyrir jarðstreng að Rangárvöllum.

Á sérupprætti fyrir Akureyri – þéttbýli er einnig sýnt 120 m breitt helgunarsvæði umhverfis núverandi loftlínur (Rangárvallalínu 1 og Dalvíkurlínu 1) frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit að Rangárvöllum og þar er því mögulegt að Blöndulína 3 verði sem lögð sem loftlína.

Iðnaðarsvæði

Við Kífsá er skilgreint iðnaðarsvæði fyrir tengivirki raforku.


Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing
---------	-------	-------	----------	--------

I16	Kífsá	Ofan byggðar	1,2	Tengivirki raforku. Ódeiliskipulagt.
-----	-------	--------------	-----	--------------------------------------

Skógræktar- og landgræðslusvæði

Ofan byggðar á Akureyri er skilgreint 700 ha svæði sem skógræktarsvæðið Græni trefillinn.

Merking	Heiti	Svæði	Stærð ha	Lýsing og sérákvæði reita
SL7	Græni trefillinn	Ofan byggðar	700	Skóglendi með útivistaraðstöðu og gönguleiðum. Deiliskipulagt að hluta.



Mynd 2. Hluti Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030, séruppdráttur fyrir Akureyri - þéttbýli. Svört brotin lína sýnir fyrirhugaða legu Blöndulínu 3.

Breyting á aðalskipulagi

Breyting á aðalskipulagi mun felast í eftirfarandi:

- Fellt er út iðnaðarsvæði I16 fyrir tengivirki raforku í landi Kífsár.
- Breytt er legu helgunarsvæðis loftlínu frá sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit að iðnaðarsvæði við Kífsá. Eftir breytingu mun helgunarsvæðið liggja frá sveitarfélagsmörkum til suðurs að helgunarsvæði loftlínanna Rangárvallalínu 1 og Dalvíkurlínu 1.

Ekki er að sinni tekin afstaða til þess hvort loftlína eða jarðstrengur verði innan helgunarsvæðisins.

- Vegna breytingar á staðsetningu helgunarsvæðis verður breyting á mörkum skógræktar- og landgræðslusvæði SL7 (Græna treflinum). Þá verður það svæði sem nú er skilgreint sem iðnaðarsvæði I16 skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði SL7.
- Þá er sú breyting gerð að loftlínurnar Rangárvallalína 1 og Dalvíkurlína 1 fá þá skilgreiningu að þær muni víkja á skipulagstímabilinu (2018-2030).

4 Áhrifamat

Breyting á aðalskipulagi fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem breytingin felur í sér framkvæmd sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Það sem umhverfismatsferli Blöndulínu 3 er lokið með álit Skipulagsstofnunar er ekki talin þörf á að meta umhverfisáhrif breytingar á aðalskipulagi.

5 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

Febrúar 2024 Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulagsráði og bæjarstjórn mun hún vera kynnt, auglýst og liggja frammi hjá skipulagssviði Akureyrarbæjar og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.akureyri.is

Mars 2024 Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samstarfi við skipulagsráð og aðra hagsmunaaðila.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsráðs og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.

Apríl - maí 2024 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

Júní 2024 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsráðs ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulagsráði og bæjarstjórn.

Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að koma með athugasemdir. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir öðlast breyting á aðalskipulagi gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

6 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Umhverfisstofnun*
- *Hörgársveit*
- *Landsnet*
- *Rarik*
- *Norðurorka*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Náttúrufræðistofnun Íslands*
- *Hverfisnefnd Giljahverfis*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Akureyrarbæjar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi hjá skipulagssviði Akureyrarbæjar og vera aðgengileg á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is